

61. fundur

Safna- og menningarmálanefnd hélt fund þriðjudaginn 6. febrúar 2007 kl. 17.00 í Ráðhúsinu. Mætt voru Eyþór Benediktsson, Dagbjört Höskuldsdóttir, Magnús A. Sigurðsson, Ragnheiður Óladóttir og Erna Guðmundsdóttir.

Formaður setti fund.

1. Eyþór fór yfir gang flutninga.
Innihald úr eldraustri geymslu þarf að flokka og skrá vegna framtíðargeymslu. Rætt um varðveislustefnu tímarita. Víða á söfnum virðast tímarit eins og Séð og heyrt, Mannlíf o.þ.h. geymd í um sjö ár. Nefndarmenn sammála um að ekki sé gerlegt fyrir safnið að geyma slíkt til lengri tíma enda hægt að nálgast eintök á Landsbókasafni.
Þó að á þessu ári verði tekin ákvörðun um húsnæðismál Amtsbókasafnsins mun væntanlega líða nokkur tími þar til framtíðarhúsnæði safnsins er fullbúið. Þess vegna telur nefndin að sem fyrst þurfi að huga að tveimur atriðum:
 - 1) að geymslumál safnsins verði leyst og
 - 2) að Héraðsskjalasafnið verði formlega stofnað og því fundið viðeigandi húsnæði.Best væri ef húsnæði skjalasafns gæti jafnframt hýst geymslur fyrir Amtsbókasafnið.
Ragnheiður benti á að horfa mætti til Héraðsskjalasafns og Amtsbókasafns á Akureyri.
2. Ljósmyndasafn.
Eyþór las bréf Guðmundar Páls Ólafssonar, formanns framkvæmdanefndar Ljósmyndasafns Stykkishólms til bæjarstjórnar og bæjarráðs varðandi framtíð ljósmyndasafns.
Svarbréf forseta bæjarstjórnar einnig lesið. Rætt um nauðsyn þess að vinnu við safnið verði haldið áfram hið fyrsta.
3. Ragnheiður segir frá gangi mála á safninu. Búið er að panta búnað bæði fyrir vinnuástöðu og fyrri safngesti.
4. Nefndarmenn fóru á bókasafn.

Fleira ekki gert.

Fund slitið kl. 18.45.

Eyþór Benediktsson (sign.),
Magnús A. Sigurðsson (sign.),
Dagbjört Höskuldsdóttir (sign.),
Ragnheiður Óladóttir (sign.),
Erna Guðmundsdóttir (sign.).